

Fundargerð skólaráðs Kerhólsskóla

Fundargerð.

Fundur Skólaráðs Kerhólsskóla var haldinn í fundarsal sveitarfélagsins, þriðjudaginn 15. október 2019 kl. 8.15 f.h.

Fundinn sátu:

A. Harpa Hreggviðsdóttir fulltrúi kennara grunnskóladeildar,
Dagný Davíðsdóttir, fulltrúi foreldra,
Gunnar Birkir Sigurðsson, fulltrúi nemenda,
Hugdís Erla Jóhannsdóttir, fulltrúi nemenda.
Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri,
Linda Sverrisdóttir, fulltrúi Grenndarsamfélagsins,
Sigríður Björnsdóttir, fulltrúi starfsfólks,
Sigríður Þorbjörnsdóttir, fulltrúi leikskóladeildar,

Jóna Björg Jónsdóttir ritaði fundargerð

1. Skólanámskrá Kerhólsskóla

- Allir voru búnir að fá sent áður
 - Lokaskýrslu
 - Umbótaáætlun
 - Sjálfsmatsskýrslu
- Hlustað var á glærukynningu um helstu niðurstöður lokaskýrslu frá Unnari og Halldóru sem gerðu úttektina fyrir Menntamálastofnun.
- Umbótaáætlun
 - Farið yfir hana, rætt og fundarmenn beðnir að gera athugasemdir
 - Umbótaáætlun samþykkt
- Verið er að vinna eina sameiginlega skólanámskrá fyrir bæði leik- og grunnskóladeild. Ætlum að vinna hana í vetur í samræmi við væntanlega skólastefnu sveitarfélagsins og úttekt Menntamálastofnunar.

2. Starfsáætlun Kerhólsskóla:

- Jóna Björg lagði fram starfsáætlunina sem er í formi heimasíðu skólans. Jóna Björg sagði frá því að hún væri einnig til á Word formi og væri uppfærð eftir því sem þurfa þyki og nú er verið að fara yfir hana í samræmi við Ytramats skýrsluna.
- Umræður um starfsáætlunina.
- Ákveðið að skólaráð standi fyrir opnum fundi um ytramatið þann 5. nóvember.
- Starfsáætlunin samþykkt eins og hún stendur eftir að mið hafi verið tekið af umbótaáætlun v. ytramats.

Fundargerð skólaráðs Kerhólsskóla

3. Jóna Björg fór yfir fjölda barna í skólanum

- Börnin í leikskóladeildinni verða líklega 26 í vetur og 47 í grunnskóladeildinni.

4. Helstu verkefni Kerhólsskóla fyrir skólaárið 2019-20

- Aðal áherslan í Kerhólsskóla er að öllum börnunum líði vel svo þau nái að þroskast og dafna og fái að læra á sínum hraða (einstaklingsmiðað nám).
- Til að stuðla að því að öllum líði vel þá notum við uppeldi til ábyrgðar og einnig ART þegar það hentar betur.
- Tvö megin áherslur í vetur eru lestur og grænfána/útináms vinna. Í leikskóladeildinni verður lestrarátak í formi bókaorma, börnin skiptast á að koma með bækur að heiman og bókin lesin í leikskólanum. Í Grunnskóladeildinni hefur verið mikil áhersla lögð á lesturinn það sem af er skólaári og verður í allan vetur. Það að auki verða sérstök lestrarátök þar sem er enn meiri áhersla á ýmsa þætti lesturs.
- Námskeið verður fyrir kennara í upplýsingamennt 26. Nóv. þar sem við höfum áhuga á að koma upplýsingamennt meira inn í skólastarfið almennt.
- **Grænfánaverkefnið og útikennslan fer mikið saman.** Grænfánaverkefnið býið að vera í gangi í 13 ár. Í umhverfisnefnd (grænfánanefnd) er einn fulltrúi úr hverjum árgangi í grunnskólanum og tvö börn úr elsta hópnum í leikskólanum. Fundað 3-4 sinnum á vetri. Þau miðla svo áfram inn í sína áraganga með hjálp fullorðinna. Nemendur stýra svolítið sjálf hvað þau vilja taka sér fyrir hendur og í fyrra völdu þau sér vatn. Guðrún Ása er verkefnastjóri grænfánaverkefnisins.
- Tillaga sem kom í fyrra frá Lindu um að gróðursetja grenitré (jólátré) utan við skólann/stjórnsýsluhúsið þar sem að sett hefur verið upp jólátré á hverju ári. Jóna Björg tók að sér að senda fyrirspurn til sveitastjórnar og tók Ása Valdís vel í hana og verið er að skoða hvað hægt er að gera á þessu svæði til að gera það meira aðlaðandi.
- Yndisgarður. Jóna Björg sagði frá verkefninu „Yndisgarður“ sem er í samstarfi við skógræktarfélagið og sveitarfélagið. Búið er að skrifa undir samkomulag um Yndisgarðinn. Verið er að vinna skipulagið á garðinum. Fenginn var arkitekt til að gera það og er það í vinnslu. Þegar það er búið er áætlað að við í skólanum getum farið að skipuleggja hvað við getum gert, plantað og fleira.

5. Hlutverk og skipan Skólaráðs

Farið var yfir hlutverk skólaráðs og eftirfarandi starfsreglur samþykktar.

Skólaráð Kerhólsskóla starfar samkvæmt 8. Grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla.

- Skólaráð Kerhólsskóla er samráðsvettvangur skólustjóra og skólasamfélags um skólalald.
- Skólustjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs, situr í því og stýrir starfi þess. Auk skólustjóra sitja í skólaráði einn fulltrúi foreldra, einn fulltrúi kennara, einn fulltrúi almennra starfsmanna, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags. Samkvæmt lögum má sameina skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla og var

Fundargerð skólaráðs Kerhólsskóla

Það gert í Kerhólsskóla. Aðstoðarskólastjóri gegnir starfi ritara í skólaráði og stýrir ráðinu í forföllum skólastjóra.

Kosning í skólaráð

Skólaráð Kerhólsskóla er auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra skipað sjö fulltrúum sem sitja í ráðinu tvö ár í senn. Kosningu fulltrúa í ráðið þarf að ljúka fyrir september lok. Kosningum skal haga sem hér segir:

- Einn fulltrúi kennara úr leikskóladeild, einn fulltrúi kennara úr grunnskóladeild og einn fulltrúi annars starfsfólks skulu kosnir á mannauðsfundi við upphaf skólaárs.
- Einn fulltrúi foreldra skal kosinn á fundi Foreldrafélags Kerhólsskóla að hausti.
- Tveir fulltrúar nemenda skulu kosnir við upphaf skólaárs samkvæmt starfsreglum Nemendaráðs Kerhólsskóla.
- Skólaráð velur sér sjálfst einn fulltrúa úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu.

Verkefni skólaráðs

Skólaráð Kerhólsskóla tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skólans með hliðsjón af skólastefnu sveitarfélagsins. Sú þátttaka felst í því að:

- fjalla um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir er varða skólastarfið.
- fjalla um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefa umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- efla og móta tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- fylgjast með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð barna.
- fjalla um skólareglur og umgengnishætti í skólanum.
- fjalla um erindi frá fræðslunefnd sveitarfélagsins, foreldrafélagi, kennarafundum, almennum starfsmannafundum, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum og veita umsögn sé þess óskað.
- taka þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitastjórnar.

Ábyrgð fulltrúa í Skólaráði

- Skólaráðsfulltrúar fjalla ekki um málefni einstakra barna, foreldra eða starfsfólks skólans.
- Skólaráðsfulltrúum er skylt að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, starfsmenn skóla eða annað sem þeir verða áskynja um í starfi sínu.
- Fulltrúar í skólaráði kynna starf og ákvarðanir ráðsins fyrir umbjóðendum sínum með því að birta fundargerðir á heimasíðu skólans en einnig á árlegum opnum fundi skólaráðs.
- Fulltrúar nemenda í skólaráði nýta bekkjarfundi til þess að upplýsa samnemendur um ákvarðanir skólaráðs.

Fundargerð skólaráðs Kerhólsskóla

- Skólaráð á að vísa erindum sem það hefur fjallað um, ásamt umsögn, til fræðslunefndar, foreldrafélags, kennarafundar, starfsmannafundar eða nemendafélags telji það þörf á.
- Sé lögum og reglum um grunnskóla eða áætlunum um skólahald ekki framfylgt að mati skólaráðs ber því að tilkynna það til menntamálaráðuneytisins enda hafi ábendingum þess til skólastjóra og/eða fræðslunefndar ekki verið sinnt.

Starfsáætlun skólaráðs:

Skólastjóri stýrir skólaráði og boðar til fundar í það minnsta einu sinni á hverri önn.

- 1. Fundur að hausti, september til október. Nýir skólaráðsfulltrúar boðnir velkomnir og farið yfir hlutverk skólaráðs. Upphaf skólaársins rætt og starfsáætlun kynnt og borin upp til samþykktar. Árs- og sjálfsmatsskýrsla frá fyrra ári lögð fram.
- 2. Fundur að vori, apríl til maí. Farið yfir drög af skóladagatali næsta skólaárs. Farið yfir starfsmannþörf skólans fyrir næsta skólaár og ræddar breytingar á skólastarfinu ef þær liggja fyrir á þeim tímamarki.
- Skólaráð skal halda að minnsta kosti einn opinn fund á hverju skólaári. Skólaráð ákveður tilgang og tímasetningu þess fundar.A
- Ráðið starfar á starfstíma skóla en heimilt er að kalla það saman á öðrum tíma beri brýna nauðsyn til. Skyld er að kalla saman fund ef þrír eða fleiri skólaráðsmenn óska þess.
- Fundargerðir eru skráðar rafrænt og aðgengilega á heimasíðuskólans.

Í skólaráði sitja:

Skólastjóri:	Jóna Björg Jónsdóttir
Aðstoðarskólastjóri:	Íris Anna Steinarrdóttir
Fulltrúar foreldra:	Dagný Davíðsdóttir
Varamaður:	Íris Gunnarsdóttir
Fulltrúi grenndarsamfélagsins:	Linda Sverrisdóttir
Fulltrúi nemenda:	Gunnar Sigurðsson
Fulltrúi nemenda:	Hugdís Erla Jóhannsdóttir
Fulltrúi kennara:	Agnes Harpa Hreggviðsdóttir
Fulltrúi leikskólakennara:	Sigríður Þorbjörnsdóttir
Fulltrúar starfsmanna:	Sigríður Björnsdóttir

6. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9.10